

**567. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 21.  
desember 2020  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) , Guðni Ólafsson (GÓ) , Björgvin Smári Haraldsson (BSH) , Lilja Magnúsdóttir (LM) , Nancy Rut Helgadóttir (NRH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarmenn velkomna og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 567 lögmætan.

Oddviti óskar eftir afbrigðum á dagskrá um að fundargerð 40. fundar Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefndar, sem er með málsnúmer 2010001F verði tekin á dagskrá og var það samþykkt.

Berglind Eir Egilsdóttir boðaði forföll og sat Nancy Rut Helgadóttir fundinn í hennar stað.

**Dagskrá:**

**1. Fjárhagsáætlun 2021-2024 - 2007024**

Fjárhagsáætlun 2021-2024 lögð fram til síðari umræðu. Jafnframt er framkvæmdaáætlun árána 2021-2024 lögð fram til staðfestingar. Þá er lögð fram til síðari umræðu tillaga að fasteignagjöldum ásamt gjaldskrár fyrir félagsþjónustu, fyrir hunda- og kattahald í Tálknafjarðarhreppi, fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og endurvinnslu, fyrir Íþróttamiðstöð Tálknafjarðar, fyrir Tálknafjarðarskóla og fyrir Hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps og fyrir tjaldsvæði.

*Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps fyrir árið 2021 og þriggja ára áætlun árána 2022-2024 markast af þeirri efnahagslegu óvissu sem nú er og mótar mjög rekstrarumhverfi íslenskra sveitarfélaga. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2021-2024 var unnið út frá ýmsum forsendum, svo sem hagspám, áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga um útsvarstekjur, fasteignamati og áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það er ljóst að margir áhrifaþættir eru markaðir mikilli óvissu og þar skiptir mestu hver þróun heimsfaraldurs vegna covid-19 verður næstu ár og misseri. Í forsendum fjárhagsáætlunar er álagningarhlutfall útsvars óbreytt frá fyrri árum, eða 14,52% og álagningahlutfall fasteignagjalda er óbreytt frá fyrri ári. Ýmsir rekstrarliðir eru hækkaðir til samræmis við spár um verðlagsbreytingar. Þjónustugjaldsrkár eru flestar hækkaðar til samræmis við það 2,5% mark sem er skilgreint í lífskjarasamningunum.*

*Í rekstraráætlun A og B hluta eru heildartekjur áætlaðar 390,9 mkr. og framlegð rekstrar fyrir afskriftir og fjármagnsliði 9,2 mkr. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða er rekstrarniðurstaða neikvæð, þannig að rekstrarhalli samstæðu A og B hluta er áætlaður 34,5 mkr. Sveitarstjórn hefur ekki ráðist í hagræðingu í rekstri í áætlun ársins 2021 og svarar þar með því kalli að ríki og sveitarfélög dragi ekki saman seglin á erfiðum tímum. Þetta felur í sér að þjónustustig sveitarfélagsins verður ekki*

*skert og áhersla er lögð á að viðhalda þjónustu og ráðist í nauðsynlegar fjárfestingar á vegum sveitarfélagsins. Gengið er út frá því að það ástand sem uppi er í samfélaginu sé tímabundið og því gert ráð fyrir því að allir þættir í rekstri sveitarfélagsins verði teknir til endurskoðunar til að tryggja að hann verði sjálfbær til framtíðar líkt og gert er ráð fyrir í þriggja ára áætlun.*

*Gert er ráð fyrir töluverðum fjárfestingum á vegum Tálknafjarðarhrepps þrátt fyrir þrönga stöðu og þá óvissu sem er í kortunum. Unnið verður að endurnýjun vatnslagna og gólfefna í íþróttamiðstöðinni og ráðist í nauðsynlegar framkvæmdir við Strandgötuna samhliða framkvæmdum Vegagerðarinnar. Gert er ráð fyrir fjárframlagi til byggingar þjónustuíbúða og þar með komið til móts við þá eftirspurn sem er eftir íbúðahúsnæði í sveitarfélaginu. Þá er gert ráð fyrir fjármagni til framkvæmda við Tálknafjarðarhöfn sem verða nánar skilgreindar með hafnasviði Vegagerðarinnar á fyrri hluta árs 2021 og þar með tryggt að fjármagn á samgönguáætlun nýtist. Samtals er áætlað að fjárfesting sveitarfélagsins í ofangreindum verkefnum nemi 80 mkr. og er gert ráð fyrir lántöku upp á kr. 77 mkr. til að mæta fjárhörfinni. Gert er ráð fyrir að skuldaviðmiðið 2021 samkvæmt reglugerð 502/2012 verði í árslok 96,3% sem er vel undir því 150% hámarki sem er skilgreint í sveitarstjórnarlögum. Áætlað er að handbært fé í árslok 2021 verði neikvætt um 1,7 mkr. en því verði svo snúið við á árinu 2022.*

*Fjárhagsáætlun 2021-2024 ásamt fjárfestingaáætlun og framlögðum gjaldskrár er staðfest samhljóða.*

## **2. Tjón vatnstjón í íþróttahúsi - 2005065**

Lögð fram gögn vegna fyrirhugaðs útboðs vegna framkvæmda í Íþróttamiðstöð á árinu 2021.

*Sveitarstjórn samþykkir að verkið fari í útboð í samræmi við framlögð gögn á fundinum.*

## **3. Fundatími sveitarstjórnar í janúar og febrúar 2021 - 2012462**

Lögð fram tillaga um að reglubundnir fundir sveitarstjórnar samkvæmt 8. gr. samþykktu um stjórn Tálknafjarðarhrepps í janúar og febrúar 2021 verði haldnir á þriðja fimmtudegi þessara mánaða hefjist kl. 18:00. Fundirnir fari þá fram fimmtudaginn 21. janúar 2021 og fimmtudaginn 18. febrúar 2021.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.*

## **4. Fræðslu-,menningar-,íþrótt-, æskulýðsnefnd - 40 - 201001F**

Fundargerð 40. fundar Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefndar sem fór fram 17.12.2020 lögð fram.

*Fundargerðin er staðfest samhljóða.*

4.1 2007024 - Fjárhagsáætlun 2021

4.2 2010006 - Forvarnardagurinn 2020

4.3 1906312 - Upplýsingagjöf skólastjóra

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.**

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir  
(BG)

---

Guðni Ólafsson (GÓ)

---

Björgvin Smári Haraldsson  
(BSH)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Nancy Rut Helgadóttir (NRH)

---